

Úrskurður

Hinn 18. júní 2014 var á fundi kjörnefndar skv. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna tekin fyrir kosningakæra Egils Einarssonar, [REDACTED] kjósanda í Langanesbyggð, og kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Með bréfi til sýslumannsins á Húsavík, barst kæra frá Agli Einarssyni dags. 6. júní 2014 vegna framkvæmdar sveitarstjórnarkosninga í Langanesbyggð er fram fóru 31. maí 2014. Í samræmi við 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 skipaði sýslumaðurinn á Húsavík þann 10. júní 2014 þriggja manna kjörnefnd til að úrskurða um kærufnið. Í nefndina voru skipuð Gunnar B. Eydal, hæstaréttarlögmaður, formaður, Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor og Þórir Hallgrímsson, héraðsdómslögmaður.

I

Kröfugerð

Kærandi kærir sveitarstjórnarkosningarnar í Langanesbyggð sem fram fóru 31. maí 2014 vegna fjölda greiddra atkvæða utan kjörfundar og þess að brotin hafi verið 4. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili.

Kjörnefnd lítur svo á að í kröfu kæranda felist jafnframt krafa um ógildingu sveitarstjórnarkosninganna í Langanesbyggð þann 31. maí 2014, sbr. 4. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998.

II

Málsmeðferð

Kjörnefnd óskaði eftir unsögn yfirkjörstjórnar í Langanesbyggð með bréfi dags. 10. júní 2014, sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna. Álit yfirkjörstjórnar barst 11. júní 2014. Samdægurs var kæranda gefinn kostur á að tjá sig um efni álits

yfirkjörstjórnar í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Engar athugasemdir hafa borist frá kæranda af því tilefni.

III

Málsástæður og lagarök kæranda

Kærandi kærir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fóru í Langanesbyggð þann 31. maí 2014. Ástæða kærunnar er sú að mati kæranda að 21 % greiddra atkvæða voru atkvæði greidd utan kjörfundar.

Kærandi vísar til 4. gr. laga um lögheimili nr. 21/1991 þar sem m.a. kemur fram að maður skuli hafa lögheimili þar sem hann dvelst meiri hluta árs. Kærandi telur að brotið hafi verið gegn umræddum lögum.

IV

Niðurstaða

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna skal á kjörskrá taka þá sem uppfylla 2. gr. laganna og voru skráðir með lögheimili í sveitarfélaginu skv. íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna skulu þeir eiga kosningarétt í sveitarfélaginu sem eru íslenskir ríkisborgarar og náð hafa 18 ára aldri þegar kosning fer fram og eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Kjörnefnd ætlar að kærandi telji að ótiltekinn fjöldi kjósenda hafi ranglega verið skráður með lögheimili í sveitarfélaginu og því ekki uppfyllt skilyrði kosningalaga og að það megi leiða af fjölda utankjörfundaratkvæða við sveitarstjórnarkosningarnar þann 31. maí sl. Kærandi rökstyður þetta ekki frekar né tiltekur ákveðna kjósendur sem ranglega hafi verið á kjörskrá.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 5/1998 skal kjörskrá staðfest á fundi sveitarstjórnar og undirrituð af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar. Kjörskrána skal leggja fram almenningi til sýnis og berist athugasemdir skal sveitarstjórn taka þær til meðferðar og gera leiðréttingar ef við á, sbr. 9. og 10. gr. laganna. Leiðréttingu má gera fram að kjördegi, en óheimilt er að leiðrétta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist Þjóðskrá Íslands þegar þrjár vikur eru til kosninga, sbr. 5. gr. laganna.

Í umsögn yfirkjörstjórnar Langanesbyggðar frá 11. júní 2014 kemur fram að sveitarstjórn hafi samþykkt kjörskrána á fundi þann 22. maí sl. og hafi kjörskrá legið frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá þeim tíma til kjördags. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við kjörskrána þann tíma.

Hvorki hefur verið sýnt fram á af hálfu kæranda að efni séu til að ætla að tilteknir nafngreindir einstaklingar hafi ranglega verið á kjörskrá í Langanesbyggð við sveitarstjórnarkosningarnar þann 31. maí 2014, né að látið hafi verið reyna á ákvæði 10. gr. kosningalaga nr. 5/1998 um leiðréttingar á henni. Verður kærurni því hafnað.


Úrskurðarorð:

Kröfu kæranda um ógildingu sveitarstjórnarkosninga í Langanesbyggð þann 31. maí 2014 er hafnað.


Reykjavík, 18. júní 2014.



Gunnar B. Eydal formaður



Oddný Mjöll Arnardóttir



Þórir Hallgrímsson